

FUNDARBOÐ

**1961. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 24.
september 2025 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Breytingar hjá Sjálfstæðisflokki í umhverfis og framkvæmdaráði

2. 2509667 - Hvaleyrarbraut 22, samningur vegna uppbyggingar

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 18.september sl.

Lögð fram drög að samningi um blandaða byggð við Hvaleyrarbraut 22.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi samning og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Samfylkingin samþykkir þennan samning um lausn mála varðandi Hvaleyrarbraut 22, enda í samræmi við þá tillögu sem jafnaðarmenn báru upp í sumar, en var þá hafnað af meirihluta bæjarstjórnar, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. En mest er um vert að farsæl niðurstaða er fengin í málinu og að hreinsun lóðar hefjist strax og ljúki á komandi vikum og að þarna rísi íbúðir í samræmi við gildandi skipulag á svæðinu. Loks er þetta mál í höfn eftir tveggja ára meðferð.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar fagnar þessari niðurstöðu. Það hefur tekið hátt í tvö ár að ná samkomulagi við eigendur húsnæðisins en málið var óvenju flókið þar sem eigendur á svæðinu eru hátt í 20 talsins. Eftir talsverða biðlund bæjaryfirvalda um hreinsun rústanna og áætlun um uppbyggingu sá bærinn sig tilneyddan til að leysa til sín lóðina í byrjun maí síðastliðnum.

Allir kjörnir fulltrúar í bæjarráði voru því sammála!

Um miðjan júní barst bænum annað erindi frá eigendum sem einnig var synjað.

Allir kjörnir fulltrúar í bæjarráði voru því sammála!

Í sumar var engu að síður enn reynt að finna flöt á næstu skrefum í málinu, ekki síst til að flýta aðkallandi hreinsun á svæðinu. Sú vinna var í gangi á hásumri og þótt oddvita vinstri manna í bæjarstjórn hafi verið fullkunnugt um það lagði hann engu að síður fram tillögu sem fólst í því að draga til baka ákvörðun sem hann sjálfur studdi nokkrum vikum áður. Bæjarráðsfulltrúar vissu að það var ekki

hægt á þeirri stundu.

Bæjarfélaginu barst svo í síðustu viku nýtt tilboð frá hagaðilum þar sem komin var skýrari ábyrgð um hreinsun lóðarinnar en í fyrra tilboði.

Meirihlutinn lagði það því til á fundi bæjarráðs 5. sept. sl. að gengið yrði að nýja tilboðinu. Það var að sönnu ánægjulegt að bæjarráðsfulltrúar voru allir enn og aftur sammála og að þessu sinni um lyktir málsins. Það er því fagnaðarefni að loks verði hægt að hreinsa svæðið og hefja íbúðauppbýggingu.

3. 2402431 - Tjarnarvellir 1, breyting á deiliskipulagi

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18.september sl.

Tekið fyrir að nýju erindi Arnhildar Pálmadóttur f.h. lóðarhafa um breytingar á deiliskipulagi fyrir lóðina að Tjarnarvöllum 1. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29.01.2025 var samþykkt að ljúka erindinu í samræmi við skipulagslög.

Skipulagsstofnun gerði athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingar í B-deild Stjórnartíðinda vegna ósamræmis við ákvæði aðalskipulags um hæð bygginga á Miðsvæði, M2 þar sem gert er ráð fyrir 2-4 hæðum. Í kjölfarið var gerð breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna miðsvæðis Valla, reits M2. Í breytingunni felst að á miðsvæði Valla er gert ráð fyrir 1-6 hæða byggingum í stað 2-4 hæða bygginga.

Breytingin tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 31.07.2025. Lagður fram uppfærður uppdráttur þar sem tekið er tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar.

Skipulags- og byggingaráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu deiliskipulagi Valla vegna Tjarnarvalla 1 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2508178 - Tinnuskarð 24, breyting á deiliskipulagi

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18.september sl.

Lögð fram umsókn Páls Poulsen f.h. lóðarhafa um breytingu á deiliskipulagi.

Breytingin felst í fjölgun íbúða og gerir ráð fyrir 6 íbúðum í stað 5 íbúða ásamt því að bílastæðum innan lóðar fjölgar um eitt og verða því samtals 7 bílastæði innan lóðar. Tekið var neikvætt í erindið á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 20.08.2025. Einnig lagt fram bréf Péturs Vilbergs Guðnasonar og Ingu Valgerðar Kristinsdóttur dags 31. ágúst 2025.

Meirihluti skipulags- og byggingaráðs samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu deiliskipulagi Skarðshlíðar vegna fjölgunar eigna að Tinnuskarði 24 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Breytt deiliskipulag öðlast gildi við birtingu í B deild Stjórnartíðinda <https://www.stjornartidindi.is/>

Ef breytinga er þörf, s.s. á lögnum, tilfærslu ljósastaura, rafmagnskassa, götugögnum, gangstétt eða kantstein vegna samþykktarinnar leggst kostnaðurinn á lóðarhafa.

5. 2506237 - Ásland 4, deiliskipulagsbreyting

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18.september sl.

Tekin fyrir að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi Áslands 4. áfanga. Tillagan gerir ráð fyrir breyttum húsgerðum.

Skipulags- og byggingaráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu deiliskipulagi Áslands 4 vegna breytinga á húsgerðum og fjölgunar eigna og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar fagna því að verið er að fjölga íbúðum um 21 með breyttu deiliskipulagi, en fyrir ári síðan var íbúðum fækkað um 100 þegar deiliskipulaginu var síðast breytt. Nú erum við að breyta enn og aftur svæðinu sem er enn eitt dæmið um hringlandann hjá meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki í skipulagsmálum.

6. 1812064 - Reglur um frístundastyrki

5. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 17. september sl.

Drög að breyttum reglum um frístundastyrk, vegna fimm ára barna, lögð fram til samþykktar.

Fræðsluráð samþykkir fyrirbyggjandi breytingar á reglum um frístundastyrk sem byggja á áður samþykktri ákvörðun í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og vísar reglunum til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2509657 - Árshlutareikningur 2025

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um málið.

8. 2411219 - Útboð skólamatar 2024-2025

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um málið og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Að settur verður á fót samráðshópur sem í eiga sæti fulltrúar foreldra foreldraráða leik- og grunnskóla, starfsfólk leik- og grunnskóla og fulltrúi frá ungmennaráði ásamt fulltrúum mennta- og lýðheilsusviðs sem halda utan um vinnu hópsins. Samráðshópurinn hittist reglulega yfir skólaárið og þegar við á með þjónustuaðila skólamats. Tilgangur hópsins er að stuðla að milliliðalausum samtali og upplýsingaflæði milli hagaðila. Einnig að koma með tillögum að því að gera skólamáltíðir að gæðastundum í skólastarfinu og skoði kosti og galla þess að elda mat í skólanum eða fá aðkeyptan mat. Samráðshópurinn skoði að gera könnun meðal foreldra og nemenda um máltíðir í skólum og úrbætur í þeim efnum. Áfangaskýrslu verði skilað í desember og lokaskýrslu í maí.

Greinargerð:

Að bjóða upp á mat fyrir nemendur og starfsfólk er mikilvægur þáttur skólastarfsins og hvernig nemendum líður í skólanum. Mikilvægt er að unnið sé markvisst að því að matmálstímar séu góðar og uppbyggjandi stundir og boðið sé upp á hollan mat. Nú er verið að skipta um þjónustuaðila með skólamat og það þarf að ganga vel fyrir sig. Hlutverk samráðshópsins er að styðja við það ferli og um leið nýta tækifærið til að meta hvernig gera má betur og efla þessa þjónustu í skólunum með því að skoða kosti og galla þess að fá aðkeyptan mat eða elda í skólanum og kalla eftir tillögum frá starfsfólki, nemendum og foreldrum. Tillagan er í samræmi við það ferli sem verið hefur í aðdraganda útboðs skólamáltíða þar sem leitast hefur verið við að eiga samráð við foreldra, nemendur og starfsfólks og í raun verið að festa það enn frekar í sessi.

9. 23031026 - Skipulagsmál - nýbyggingarsvæði

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um málið. Tillaga lögð fram.

10. 2509775 - Félag eldri borgara, húsnæðismál

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Tillaga lögð fram.

Fundargerðir

11. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð bæjarráðs frá 18.september sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 2. september sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 11. september sl.

c. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29.ágúst og 12. september sl.

d. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 20. júní sl.

e. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 18. júní og 18. ágúst sl.

f. Fundargerð 53. eigendafundar Sorpu bs. frá 18.ágúst sl.

g. Fundargerðir stjórnar SSH frá 18. ágúst og 1. september sl.

h. Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 15. ágúst sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 17.september sl.

a. Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 18.júní og 18.ágúst sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 17.september sl.

Fundargerðir fjölskylduráðs frá 9. og 16. september sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18.september sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 22.september sl.

22.09.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri